

Skýrsla gæðaráðs veturinn 2018-2019

Alma Oddgeirsdóttir
Guðjón H. Hauksson
Jón Már Héðinsson
Marsilía Sigurðardóttir
Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir
Þorbjörg Þorsteinsdóttir
Valdís Björk Þorsteinsdóttir

Efnisyfirlit

Hlutverk og markmið gæðaráðs	4
Starf vetrarins 2018-2019.....	4
Gæðahandbók	4
Áfangaskýrslur	5
Málalykill	5
Persónuvernd	5
Jafnlaunavottun.....	5
Áfangamat	6
Markmið	6
Forsendur	6
Fyrirkomulag/framkvæmd	6
Eftirfylgni	6
Áfangamat veturinn 2018-2019	6
Áfangar í áfangamati haust 2018	6
Áfangar í áfangamati vor 2019	7
Hlýtt á nemendur	8
Hlýtt á starfsfólk	8
Starfsmannasamtöl	9
Námskrárvinna	9
Ytra mat á starfi skólans	9
Stofnun ársins.....	10
Gæði húsnæðis.....	11
Námsrýmisnefnd	11
Kynningar.....	12
Stjórnendafundir	12
Gestir á stjórnendafundum	12
Ýmsir aðrir fundir.....	13
Heimsókn stjórnenda til Reykjavíkur 15. febrúar	13
Næstu skref	13
Dæmi um viðfangsefni gæðaráðs og stjórnenda næsta árs:.....	13
Starfsáætlun gæðaráðs	14
Starfsáætlun gæðaráðs veturinn 2018-2019	14
September	14
Október.....	14
Nóvember.....	14
Desember	14
Janúar	15

Febrúar	15
Mars.....	15
Apríl/maí.....	15
Maí.....	15
Maí/júní	15
Veturinn 2019-2020	15
Haustönn	15
Vorönn.....	15
Veturinn 2019-2020	15
Haustönn	15
Vorönn.....	15
Veturinn 2020-2021	16
Haustönn	16
Vorönn.....	16
Veturinn 2021-2022	16
Haustönn	16
Vorönn.....	16
Fylgiskjöl	17
Niðurstöður áfangamats veturinn 2018-2019.....	17
Helstu niðurstöður haust 2018.....	17
Helstu niðurstöður vor 2019	20
Samantektir frá vinnufundum kennara 26.03.2019	23
Niðurstöður Mörsugsmessu	23

Hlutverk og markmið gæðaráðs

Hlutverk gæðaráðs Menntaskólans á Akureyri er að fylgja eftir gæðastefnu skólans.

Gæðaráð er skipað skólameistara, aðstoðarskólameistara, brautastjórnum, skrifstofustjóra, fjármálastjóra og þjónustustjóra tölvudeildar.

Gæðaráð fundar að jafnaði á þriggja vikna fresti en vinnur þess á milli að verkefnum í minni teymum. Stjórnendur funda vikulega og þar eru einnig rædd gæðamál. Gæðamálefni eru því í stöðugri umfjöllun innan Menntaskólans á Akureyri.

Í framhaldi gæðaráðsfunda eru verkefni sem ákveðin voru á fundinum og falin í ábyrgð stjórnenda færð á verkefnalista og því tryggt að eftirfylgni sé með framkvæmd. Gerð var verkáætlun í framhaldi af ytri úttekt og sjálfsmatsáætlun.

Með ofangreindum hætti tvinnar Menntaskólinn á Akureyri daglegan rekstur og gæðamál saman í einn heildstæðan rekstur.

Þessi sitja í gæðaráði 2018-2019

- Alma Oddgeirsdóttir
- Guðjón H. Hauksson (lét af störfum á vorönn)
- Jón Már Héðinsson
- Marsilía Sigurðardóttir (lét af störfum á vorönn)
- Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir
- Valdís Björk Þorsteinsdóttir
- Þorbjörg Þorsteinsdóttir

Starf vetrarins 2018-2019

Gæðaráð fundaði vikulega yfir skólaárið, kl. 10 á fimmtudagsmorgnum á haustönn en á föstudagsmorgnum á vorönn. Haldnir voru sameiginlegir fundir á um það bil þriggja vikna fresti yfir skólaárið og sátu oftast allir meðlimir þá fundi, en þess á milli var unnið í smærri teymum að ákveðnum verkefnum.

Gæðahandbók

Á síðasta skólaári voru lögð drög að gæðahandbók fyrir skólann. Þá voru teiknaðir upp töluvert margir ferlar en átti eftir að setja þá upp á tölvutækt form.

Í vetur var áhersla lögð á ferli við ábendingar og verklagsreglu um prófhald og skjöl tengd því og er sú vinna langt komin. Þá var einnig lög töluverð áhersla á að endurskoða og samþykkja starfslýsingar fyrir öll störf innan skólans, til að leggja grunn fyrir jafnlaunavottun.

Skjalanúmer	Titill
EB-0002	Lokapróf - Sniðmát forsíðu
EB-0005	Námsáætlun - sniðmát
EB-0010	Ábendingar, tilkynningar, kvartanir, umbætur og forvarnir
EB-0011	Frábrigði, framvindumat og áfangaskýrslur
EB-0012	Verkefnalisti stjórnenda
HB-0005	Leiðbeiningar til kennara á próftíma
HB-0007	Málalykill Menntaskólans á Akureyri

SL-0001	Starfslýsing, fagstjóri
SL-0002	Starfslýsing, framhaldsskólakennari
SL-0004	Starfslýsing, brautastjóri
SL-0005	Starfslýsing, félagsmálafulltrúi
SL-0006	Starfslýsing, skólaritari
SL-0007	Starfslýsing, hraðlína
SL-0008	Starfslýsing, formaður kynningarnefndar
SL-0010	Starfslýsing, erlend samskipti
SL-0011	Starfslýsing - forst.m. bókasafns
SL-0013	Starfslýsing, námsráðgjafi
SL-0014	Starfslýsing, skólasálfræðingur
SL-0019	Starfslýsing - skrifstofustjóri
SL-0022	Starfslýsing - matráður
SS-0004	Skipurit MA
VL-0007	Prófstjórn
VR-0003	Ábendingar, kvartanir, umbætur og forvarnir

Áfangaskýrslur

Farið var yfir áfangaskýrslur og teknar saman ábendingar, framtíðarsýn og óskir. Flest undir liðnum Framtíðarsýn tengist mest innri málum deilda. Áfangaskýrslur voru teknar fyrir á fagstjórafundum í haust.

Málalykill

Gildistími málalykils Menntaskólans á Akureyri rann út 31. mars 2019. Málalykillinn var því endurskoðaður í vetur og bætt inn í hann nokkrum lyklum sem búnir voru til á tímabilinu 2014-2019. Einnig teknir út þeir lyklar sem voru óþarfir og ekki verið notaðir síðastliðin fimm ár.

Nýi málalykillinn var sendur til Þjóðskjalasafns til samþykktar og var hann samþykktur til fimm ára eða 1. apríl 2024.

Persónuvernd

Skólinn hóf vinnu að persónuverndar stefnu í tengslum við nýja persónuverndarlöggjöf. Hluti af þessu starfi hefur verið að setja saman svokallaða vinnsluskrá en skólastofnanir hafa haft samstarf um þá vinnu. [Vinnsluskrá MA](#) er að finna í skjalasafninu undir 1.1.3. Skjalastjórn. Þess má geta að mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur ráðið sérstakan persónuverndarfulltrúa sem á að þjónusta framhaldsskólana í þessum efnum. SamNor skólarnir hafa samstarf um að ráða Hallgrímur Jónsson lögfræðingur hjá Pacta sem persónuverndarfulltrúa þeirra. Tengiliður í persónuverndarmálum er Sigrún gæðastjóri.

Jafnlaunavottun

Skólameistari, Marsilía fjármálastjóri og Valdís brautarstjóri fóru á fund í Advania um jafnlaunavottun. Allar starfslýsingar þarf að endurskoða og náðist að fara í gegnum þær flestar. Ragnar nýr fjármálastjóri og Valdís brautarstjóri fóru 17. maí á námskeiðið Jafnlaunavottun, yfirsýn og fyrstu skref. Ágústa Sigrún Ágústsdóttir sá um námskeiðið. Jafnlaunavottun þarf að vera tilbúin í lok árs 2019.



Áfangamat

Markmið

Markmið áfangamats er að bæta skólastarf, draga fram sterkar og veikar hliðar og veita kennurum, faggreinum og skólastjórnendum upplýsingar. Á grundvelli niðurstaðna verður gripið til viðeigandi ráðstafana. Í áfangamati er nemendum gefið tækifæri til að meta nám og kennslu.

Forsendur

Áfangamat er hluti af því innra mati sem hverjum framhaldsskóla er skylt að sinna skv. [41. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008](#), og [reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum 700/2010](#).

Fyrirkomulag/framkvæmd

Framkvæmd áfangakannana og hvaða áfangar eru metnir hverju sinni er í samráði við fagstjóra. Gert er ráð fyrir að hver áfangi sé metinn eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Áfanginn getur þó verið metinn oftár sé þess óskað s.s. vegna breytinga á áfanganum. Áfangamat er að jafnaði lagt fyrir á síðustu þremur vikum annarinnar.

Eftirfylgni

- Kennarar fá niðurstöður í sínum áföngum. Stjórnendur ræða við kennara um niðurstöður og starfið í heild. Áfangamatið er notað sem hluti af starfsmannasamtölum.
- Fagstjórar fá ópersónugreinanlegar niðurstöður um áfanga sem heyra undir þá og ræða þær með sinni deild. Deildin tekur afstöðu til þess hvort matið sé ásættanlegt út frá markmiðum deildarinnar eða hvort eitthvað þurfi að bæta. Niðurstöður úr þeirri umræðu skila sér til gæðaráðs
- Gæðaráðið fær allar niðurstöður og tekur saman skýrslu þar sem heildarsamantekt birtist. Hún er svo kynnt á kennarafundi, í skólanefnd og á skólaráðsfundi þar sem nemendur eiga fulltrúa.
- Stjórnendur ræða við kennara um niðurstöður og starfið í heild. Hluti af starfsmannasamtölum.

Áfangamat veturinn 2018-2019

Síðasta vor var lögð á nýja námskrá, þ.e. **1. og 2. bekk**. Í haust var áherslan lögð á **3. og 4. bekk en 1. og 3. bekk** á vorönn.

Áfangamat var lagt fyrir **3.-7. desember** og **30. apríl-9. maí**. Fulltrúar gæðaráðs gengu í bekki til að leggja áfangamatið fyrir.

Á haustönn var áfangamatið var lagt fyrir í 113 hópum, 38 áföngum. Fjöldi sem lagt var fyrir er 2258 og fjöldi svara var 1791, svo að svarhlutfallið var 79%.

Á vorönn var áfangamatið var lagt fyrir í 140 hópum, 38 áföngum. Fjöldi sem lagt var fyrir er 3055 og fjöldi svara var 1691, svo að svarhlutfallið var 55%.

Frekari niðurstöður úr áfangamati eru í fylgiskjali.

Áfangar í áfangamati haust 2018

- Enska
 - ENSK2BB05
 - ENSK3AE05
 - ENSK3CU05
 - ENSK3PL05
 - ENSK3SB04
- Ferðamálafræði
 - FERÐ3EV05
- Félagsgreinar, saga og heimspeki
 - FÉLA2LM05
 - FÉLA3AB05
 - FÉLA3KY04
 - KFRT2KF05
 - LAND2AL05
 - LOKA3LM04
 - LOKA3LR04
 - NÁMS1AA01
 - SAGA3FB05

- SÁLF2HÍ05
- SÁLF3HE05
- SÁLF3UP05
- SIÐF2HS05
- NÝNE1FO01
- PRÓ3A050
- HEIM3TS05
- Íslenska
 - ÍSLE2KM05
 - ÍSLE2YN05
 - ÍSLE3NR05
- Læsi
 - LÆSI2ME10
 - LÆSI2NÁ10
- Stærðfræði
 - STÆR2AJ05
 - STÆR2FF05
 - STÆR2RU06
 - STÆR3LP06
 - STÆR3LX06
- Raungreinar og íþróttir
 - EÐLI4NU05
 - EFNA1AA05
 - EFNA3LY05
 - HEIL1BB01
 - HEIL1HN02
 - HEIL1JB01
 - HEIL1PR01
 - HEIL2BL05
 - JARÐ2ÚT05
 - LÍFF1GL05
 - LÍFF3AN05
 - LÍFF3VL05
 - NÆRI3GR05
 - RAUN3UI05
 - STJÖ3AL05
- Önnur erlend tungumál
 - DANS2BB04
 - FRAN1BB05
 - FRAN1RB04
 - FRAN2PA05
 - MENN2LÖ04
 - ÞÝSK1BB05
 - ÞÝSK1RB04

Áfangar í áfangamati vor 2019

- Enska
 - ENSK2BB05
 - ENSK3AE05
 - ENSK3CU05
 - ENSK3PL05
 - ENSK3SB04
- Ferðamálafræði
 - FERÐ3EV05
- Félagsgreinar, saga og heimspeki
 - FÉLA2LM05
 - FÉLA3AB05
 - FÉLA3KY04
 - HEIM3TS05
 - KFRT2KF05
 - LAND2AL05
 - LOKA3LM04
 - LOKA3LR04
 - NÁMS1AA01
 - NÝNE1FO01
 - SAGA3FB05
 - SÁLF2HÍ05
 - SÁLF3HE05
 - SÁLF3UP05
 - SIÐF2HS05
 - PRÓ3A050
- Íslenska
 - ÍSLE2KM05
 - ÍSLE2YN05
 - ÍSLE3NR05
- Læsi
 - LÆSI2ME10
 - LÆSI2NÁ10
- Stærðfræði
 - STÆR2AJ05
 - STÆR2FF05
 - STÆR2RU06
 - STÆR3LP06
 - STÆR3LX06
- Raungreinar og íþróttir
 - EÐLI4NU05
 - EFNA1AA05
 - EFNA3LY05
 - HEIL1BB01
 - HEIL1HN02
 - HEIL1JB01
 - HEIL1PR01
 - HEIL2BL05
 - JARÐ2ÚT05
 - LÍFF1GL05
 - LÍFF3AN05



- LÍFF3VL05
- NÆRI3GR05
- RAUN3UI05
- STJÖ3AL05
- Önnur erlend tungumál
 - DANS2BB04
 - FRAN1BB05
 - FRAN1RB04
 - FRAN2PA05
 - MENN2LÖ04
 - PÝSK1BB05
 - PÝSK1RB04

Hlýtt á nemendur

Í mars var verkefnið *Hlýtt á nemendur* lagt fyrir nemendur í 3. bekk. Markmiðið var að fá fram afstöðu þeirra nemenda sem fyrstir eru til að brautskrást samkvæmt nýrri skólanámskrá í þriggja ára kerfi til ýmissa þátta skólastarfsins. Könnunin var lögð fyrir í lífsleiknitímum og var forritið Menti notað til að fá fram viðhorf nemenda um námið, húsnæðið og félagslífið. Byrjað var á fullyrðingum um hvern þátt sem nemendur gáfu like eða dislike, þá kom staðhæfing sem nemendur gátu ýmist verið sammála eða ósammála og að lokum var opin spurning í hverjum flokki. Svör nemenda birtust strax á skjá. Könnunin var lögð fyrir þrjá bekki samtímis.

- a. Námið
 - i. Einkenni skólans er að nemendur fylgjast að í gengum fyrirfram gefna námsferla. (like/dislike)
 - ii. Nemendur eiga að geta skipulagt námið eftir eigin þörfum. (sammála/ósammála)
 - iii. Hvaða breytingar viljið þið gera á námsframboði og skipulagi til að skólinn verði enn betri? (opið)
- b. Húsnæðið
 - i. Tækifæri skapast til að gera húsnæði skólans meira aðlaðandi, þegar nemendum fækkar. Má þar nefna rými til náms og félagslífs, nýtingu skólastofa og aðstöðu starfsfólks. (like/dislike)
 - ii. Hönnun þessara rýma á að vera í höndum starfsfólks og nemenda MA. (sammála/ósammála)
 - iii. Hvaða hugmyndir hafið þið um næstu skref í breytingum á húsnæði? (opið)
- c. Félagslíf
 - i. Félagslífið í MA er fjölbreytt og skemmtilegt. (like/dislike)
 - ii. Nemendur geta tekið þátt í félagslífi skólans þrátt fyrir að vera í fullu námi. (sammála/ósammála)
 - iii. Hvernig væri hægt að gera félagslífið í MA enn betra þannig að gætt sé að jafnrétti og einkunnarorðum skólans? (opið)
- d. Hvað er dýrmætasta nestið sem þú tekur með þér úr MA? (opið)

Því miður fengust ekki marktækar niðurstöður úr verkefninu *Hlýtt á nemendur* að þessu sinni. Leiða má líkum að því að ástæðurnar séu einkum þessar; (1) of margir nemendur svöruðu í einu svo ekki skapaðist traust til að svara á einlægan máta og (2) Menti forritið hentar ekki sem skyldi í verkefni sem þetta. Vissulega komu fram ýmsar gagnlegar ábendingar en segja má að þær hafi druknað í hafi þeirra sem settar voru fram í hita leiksins.

Hlýtt á starfsfólk

Ákveðið var að nýta mörsugsmessuna (starfsmannafund í lok haustannar) til að hafa stefnumótunavinnu. Kristín Björk Gunnarsdóttir og Helgi Þorbjörn Svavarsson hjá Gáskabrum voru stjórnendum til aðstoðar við undirbúning og stýrðu vinnunni. Nemendur úr stjórn skólafélagsins tóku einnig þátt í vinnufundinum.

Meginspurning dagsins var: Hver eru tækifærin sem felast í því að bæta rými til náms í Menntaskólanum á Akureyri í kjölfar styttingar framhaldsskólans úr 4 árum í 3?

Vinnufyrirkomulagið var með eftirfarandi hætti: Tekin voru fyrir 3 – 4 umræðuefni. Hverju umræðuefni fylgdi fullyrðing sem fólk kaus hversu sammála eða ósammála það var. Að lokum fylgdi hverju umræðuefni spurning sem hópnum var ætlað að svara. Notað var forritið Mentimeter.

Í framhaldi kom Helgi síðan á stjórnendafund og kynnti niðurstöðu vinnunnar. Starfsmannafundur var haldinn 20. febrúar til að fylgja niðurstöðum hópavinnunnar eftir.

Ákveðið að móta tímalínu um næstu skref um eftirfarandi atriði sem komu fram í niðurstöðum vinnunnar:

- Framkvæmdir og húsnæði: Skipa nefnd um nýtingu húsnæðis, fá einnig sérfræðiaðstoð og skólafélagið með í hugmyndavinnu
- Fyrirkomulag og skipulag náms: Stjórnendur fara til Reykjavíkur og kynna sér mismunandi námsfyrirkomulag og annir/spannir
- Sveigjanleiki í námi: Fjarnám og sumarönn, skipa vinnuhóp
- Nútímalegir kennsluhættir: Ræða innihald, kennsluhætti, námsmat, mætingar

Niðurstöður vinnunnar fylgja með sem fylgiskjal.

Starfsmannasamtöl

Áfangamat var lagt fyrir eftir nokkurt hlé á vorönn 2017 og báðar annir 2018-19. Ákveðið var að fylgja matinu eftir með starfsmannasamtölum. Öllum sem fengu áfangamat vor 2017 var boðið í viðtal við aðstoðarskólameistara á haustönn 2018 og þáðu allir nema einn sem svaraði ekki. Alls voru viðtölin 46 á haustönn og 3 á vorönn. Viðtölin voru stutt, viðmiðið var 30 mínútna samtal þar sem fyrst var farið fyrir áfangamatið, síðan rætt um kennslu haustannar og loks þau mál sem brunnu á kennurum. Þeir lýstu að jafnaði yfir mikilli starfsánægju en helst var það starfsöryggi yngri kennara, agamál og samskipti við nemendur og vinnuálag sem hvíldi á þeim. Næsta haust þarf að bjóða aftur upp á stutt samtöl sem þessi og einnig að skipuleggja viðtöl við aðra starfsmenn.

Námskrárvinna

Í vetur voru settar inn áfangalýsingar á valáföngum á námskrárvef ráðuneytisins, namskra.is. Nú eru allar áfangalýsingar komnar inn á námskrárvefinn fyrir utan nýja valáfanga sem kenndir verða á næsta skólaári.

Fyrstu nemendurnir af kjörnámsbraut útskrifuðust nú í vor, annar með áherslu á tónlist og hinn með áherslu á kvikmyndir. Skólaárið 2019-2020 er fyrirhugað að undirbúa enn fjölbreyttara námsframboð á brautinni s.s. sviðslistir og forritun.

Ný námskrá kallar á endurskoðun á ýmsum reglum sem tengjast náminu. Á vorönn 2017 var stofnuð svokölluð námskrárnefnd sem fékk það hlutverk að endurskoða og uppfæra reglur skólans til samræmis við nýja námskrá. Þeirri vinnu er að mestu lokið, búið er að fara yfir reglur um nám og ýmsar aðrar reglur skólans, ásamt því að búið er að uppfæra ýmsar upplýsingar sem tengjast skólanum á nýjum vef hans. Á næsta skólaári þarf að huga betur að reglum um námsframvindu með tilliti til sveigjanlegra námsloka. Einnig verða athugasemdir deilda um nýja námsferla teknar til gaumgæfilegrar skoðunar.

Ytra mat á starfi skólans

Menntamálaráðuneytið gerði úttekt á starfi skólans á vorönn 2017.

Endanleg skýrsla var send skólanum 31. maí. Hún er á vef skólans, var kynnt á kennarafundi, skólanefndarfundum og á húsþingi alls starfsfólks í september 2017.

Skólinn skilaði inn áætlun í nóvember 2017 um hvernig brugðist verður við úrbótatillögum í skýrslunni. Aðgerðaráætlun fylgir með sem fylgiskjal.


Flest verkefni eru á réttu róli og nokkur eru ótímasett og alltaf í gangi. Þeim sem ekki hefur fyllilega verið lokið eru:

- kanna leiðir til að fjölga nemendum í raungreinum
- auka þægindi nemenda í alrými
- kanna viðhorf og gengi brautskráðra


Stofnun ársins


MA var í 18. sæti stofnana með 50 starfsmenn eða fleiri. Svarhlutfall var 60%, ívið lægra en í fyrra. Starfsfólk fékk niðurstöðurnar sendar í tölvupósti og heildarskýrslan verður birt á vef skólans. Skólinn er undir 4 í tveimur liðum, launakjörum og starfsskilyrðum. Almennt skora opinberar stofnanir ekki hátt í launakjörum.

Helstu niðurstöður - Þættir og breytingar frá mælingu síðasta árs




Helstu niðurstöður - Fimm hæstu og lægstu einkunnir





Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki



Gæði húsnæðis

Ríkiseignir gerðu könnun á gæðum þess húsnæðis sem skólinn starfar í. Þeir þættir sem fengu lakari einkunn en 3.0 verða skoðaðir sérstaklega við gerð framkvæmdaáætlana næstu ára. Einn þáttur fékk undir 3.0 í einkunn en það eru loftgæði með einkunnina 2.84. Hljóðvist fékk einnig lága einkunn, eða 3.06.

Námsrýmisnefnd

Á vordögum var skipuð nefnd fjögurra kennara og húsvarðar til að gera tillögur að nýtingu húsnæðisins eftir að nemendum fækkar í skólanum.

Starfslýsing nefndarinnar

- Markmið, nemandinn og starfsfólk, velferð og vellíðan, hvetjandi námsumhverfi.
- Draga fram heildarmynd.
- Hvaða stofur á að nýta?
- Hvers konar húsbúnað á að nota?
- Forgangsráða, sýnilegar breytingar sem fyrst.
- Vinna úr þeim gögnum sem fyrir eru, Hugstormun, Mörsugsmissa, Hlýtt á nemendur.

Gerð var könnun um „verstu kennslustofurnar“ sem sýndi að nokkrar stofur koma verulega illa út og því hentugar til annara hluta. Þessar stofur eru flestar í Gamla skóla en einnig eru M01 og M14 nefndar. Hópurinn lagði til aðgerðir í 8 liðum sem hægt yrði að ráðast í strax. Það er byggt á því að þær eru frekar einfaldar í framkvæmd, ekki kostnaðarsamar og líklegar til árangurs eða jákvæðra áhrifa strax.

Prátt fyrir að margt sé hægt að gera í tölvum, uppi á skýjum o.s.frv. þá er vinnuhópurinn sammála um þá hugmyndafræði að góður skóli byggist á staðnum sjálfum og persónuleg samskipti og aðstaða á staðnum lykiltríði. Það þýðir að öll aðstaða til vinnu og félagsstarfa þarf að vera sérlega góð.

Nefndin hefur því horft mikið til þess að bæta félagsaðstöðu nemenda og kennara, vill fjölga hópvinnum bæði fyrir nemendur og kennara og bæta vinnuaðstöðu almennt.

Kynningar

Eins og undanfarin ár var nemendum í 10. bekk grunnskóla á Akureyri og nágrannasveitarfélögum, allt frá Þórshöfn í austri til Húnavalla í vestri, boðið í heimsókn í MA. Ákveðið var að breyta kynningunum í ár og hafa þær með öðru sniði þar sem áhersla var lögð á að nemandinn myndi upplifa á 90 mínútum skólalífið í MA. Ekki var um hefðbundna glærुकynningu að ræða heldur voru nemendur og kennarar fengnir til að kynna sínar brautir með upplifunum, sýnikennslu, reynslusögum og félagslífi skólans. Óformleg könnun okkar á hversu vel tókst til með þetta nýja fyrirkomulag sýnir að almenn ánægja var með þessa kynningu, bæði meðal kennara og nemenda grunnskólanna.

Ákveðið var að færa út kvíarnar í kynningarmálum og tók MA þátt í framhaldsskólakynningunni *Mín framtíð 2019* sem fór fram í Laugardalshöll. Þar vorum við með kynningarbás í 3 daga og vorum við í samstarfi við Verkmenntaskólann á Akureyri og Lund heimavist MA og VMA. Þótti vel takast til og gestir sýndu skólanum talsverðan áhuga og vonandi tókst að sá fræjum til nemenda á suðvestur horninu að leiða hugann að því að koma norður í framhaldsskóla.

Kynningarfundur var haldinn fyrir foreldra/forráðamenn og nemendur í 10. bekk grunnskólanna þar sem námið var kynnt ásamt því að nemendur sögðu frá reynslu sinni af því að vera nemandi í MA. Hraðlína hefur á undangengnum árum verið með sér kynningu en nú var ákveðið að steypa þessum kynningum saman með ágætis árangri.

Náms- og starfsráðgjafar heimsóttu alla grunnskóla á Akureyri í kjölfar kynningar í skólanum þar sem nemendum gafst færi á að bera fram spurningar sem höfðu vaknað við heimsóknina í MA ásamt því að fá ítarlega kynningu á skólanum.

Stjórnendafundir

Stjórnendafundir eru haldnir einu sinni í viku, á þriðjudagsmorgnum. Þar er tekin fyrir dagskrá vikunnar, fundir undirbúnir, kennsluskipting, val og vinna við námskrá, málefni nemenda og starfsmanna, samstarf við aðra skóla, stefnu- og áætlanagerð og svo framvegis. Fundargerðir eru skrifaðar á fundunum. Starfsfólk er hvatt til að koma á fundi ef það vill ræða sérstök mál.

Gestir á stjórnendafundum

11. september: Guðjón H. Hauksson fer yfir stöðuna á nýjum vef MA.

23. október: Fjármálastjóri, húsgagnakaup í Kvos og rekstraráætlun.

6. nóvember: Fulltrúi úr forvarnarteymi (Heimir) mætir til að ræða heimsókn Baldvins Z.

13. desember: Jafnréttisstýra. Jóna Bjarnadóttir, um myndband SVIMA á árshátíð.

8. janúar: Siðameistararnir Anna Sigga og Rannveig um brautskráningu og Anna Eyfjörð um dagsetningar menntabúða.

12. febrúar: Fjármálastjóri, spá um nemendafjölda.

26. febrúar: Skrifstofustjóri um nýtt útlit stúdentsskírteina.

12. mars: Guðjón, um menntabúðir og Teams

9. apríl: Guðjón um nemendamenntabúðir

Ýmsir aðrir fundir

- Ýmsir fundir vegna fækkunar nemenda næsta ár: Fundir með formanni kennarafélagsins og trúnaðarmönnum. Aðstoðarskólameistari og brautarstjóri á MMB og FB funduðu með öllum fagstjórum sérstaklega vegna þessa. Fundir með íþróttakennurum
- Húsþing og mörsugsmissa
- Vinnufundur kennara. Haldinn var vinnufundur í deildum 26. mars 2019 þar sem kennarar voru beðnir um að hefja mat og endurskoðun á nýrri námskrá/þriggja ára námi. Deildir fóru yfir atriði sem þær töldu að þyrfti að endurskoða og var hugað að þáttum eins og innihaldi áfanga, verkefnum, námsmati og kennsluaðferðum. Niðurstöður deilda er að finna í fylgiskjali með skýrslunni
- Kynningarfundir (um hraðlínu, fyrir 10. bekkinga)
- Upplýsingafundur fyrir forráðamenn nemenda í 1. bekk
- Fagstjórafundir og kennarafundir (sjá fundargerðir)
- Fundur í VMA með fræðslustjórum á vegum SAMNOR
- Fundur í HA með áfangastjórum úr VMA um einingar og upplýsingagjöf
- Fundur með fulltrúum HA út af inntökuskilyrðum
- Fundur með stjórnendum Tónlistarskólanum á Akureyri

Heimsókn stjórnenda til Reykjavíkur 15. febrúar

Skólastjórnendur fóru í skólaheimsóknir í einn dag til Reykjavíkur.

Fyrsta heimsóknin var í **Menntaskólanum í Reykjavík**, þar sem stjórnendur hittu Elísabetu Siemsen sem hefur gegnt starfi rektors MR í rúmt ár og Ólöfu kennslustjóra. Farið var vítt og breitt yfir sviðið, en megintilgangurinn var að ræða um námskrána og mögulegt mat á henni.

Næst var farið í **Fjölbautaskólanum í Garðabæ** en þar tóku Kristinn skólameistari og Snjólaug aðstoðarskólameistari á móti stjórnendum. Helsti tilgangur með heimsókninni í FG var að fræðast um sviðslistabrautina þeirra, jafnframt því að heyra af fyrirhuguðum breytingum í 3ja anna kerfi.

Síðasta og lengsta heimsóknin var í **Menntaskólanum við Sund**. Þar hittu stjórnendur Mára rektor, Helgu Sigríði konrektor, Leif kennslustjóra og Ágúst námsbrauta- og námskrárstjóri. Markmiðið með breytingunum hjá þeim í 3ja anna kerfi var að auka sveigjanleikann; skólanum var gerbreytt, námskránni og skipulagi.

Ferðin var gagnleg og áhugaverð og mikilvægt að gefa sér tíma til að kynna sér starf í öðrum skólum.

Næstu skref

Gæðastjóri í hálfu starfi tekur við í haust og mun þá leiða starfið. Áhersla verður lögð á gæðahandbókina og verkefni samkvæmt starfsáætlun gæðaráðs.

Dæmi um viðfangsefni gæðaráðs og stjórnenda næsta árs:

- Áfangakannanir (báðar annir)
- Hlýtt á nemendur (haustönn)



- Foreldrakönnun (vorönn)
- Starfsmannasamtöl, bjóða upp á samtöl við kennara
- Jafnlaunavottun
- Ný persónuverndarlög, gæðastjóri tengiliður skóla
- Úr ytra mats skýrslu; gera Kvosina hlýlegri og kanna leiðir til að fjölga nemendum í raungreinum (halda nemendum á brautunum). Fá fagstjóra í raungreinum og stærðfræði á fund. Huga vel að stærðfræði, hvernig er hægt að viðhalda áhuga nemenda í stærðfræði.
- Leiðir til að fjölga nemendum á mála- og menningarbraut
- Húsnæði, gera aðgerðaáætlun um nýtingu rýmis
- Menntabúðir og ritver, fá UT teymi á fund í vetur
- Þróun námskrár, fara yfir athugasemdir frá fundum deilda, til dæmis færsla á þriðja tungumáli í námsferlum. Endurskoða reglur um námsframvindu nemenda (athuga t.d. hvort endurtökuprófum verði fækkað)
- Upprifjunaráfangi í dönsku, mat á hvernig gekk
- Kjörnámsbraut
- Skoða þriggja anna kerfi
- Forvarnir/forvarnateymi
- Umhverfismál, þarf að uppfæra stefnu
- Gæðahandbók

Starfsáætlun gæðaráðs

Starfsáætlun gæðaráðs veturinn 2018-2019

September

- Gerð nákvæm áætlun um viðfangsefni vetrarins og starfsrammi til þriggja ára þar á eftir. Uppfært á vef skólans.
- Fara yfir síðustu sjálfsmatsskýrslu og setja mál í ferli.
- Fara yfir námsáætlanir haustannar og fylgja eftir skilum. Búa til sniðmát fyrir námáætlanir sem er inni á svæðum faggreina.
- Byggja upp gæðahandbók (allan veturinn). Setja ferla upp á tölvutækt form og ganga frá skjölum.

Október

- Fara yfir áfangaskýrslur vetrarins 2017-2018 og taka saman ábendingar, framtíðarsýn og óskir.
- Undirbúa áfangakannanir og ákveða nýtt fyrirkomulag. Ræða á fagstjórafundi.
- Fara yfir skýrslu um ytra mat.
- Fara yfir uppbyggingu gæðahandbókar.
- Fara yfir stöðu skjala í gæðahandbók og halda áfram að vinna að gæðaskjölum.

Nóvember

- Senda inn tillögur að úrbótum vegna ytra mats.
- Vinnsla gæðaskjala.
- Undirbúningur áfangakannana (fagstjórafundur).
- Koma ferli ábendinga í fast form.

Desember

- Vinnsla gæðaskjala.
- Prófaafli prufukeyrður.

Janúar

- Umfjöllun/kynning á umbótatillögum vegna ytra mats á starfsmannafundi.
- Vinnsla gæðaskjala.
- Koma ferli ábendinga í fast form.

Febrúar

- Undirbúa Hlýtt á nemendur.
- Prófakafli tilbúinn í gæðahandbók.

Mars

- Hlýtt á nemendur og vinna úr niðurstöðum.
- Stöðufundur um gæðaskjöl.
- Vinnsla gæðaskjala.

Apríl/maí

- Áfangakannanir lagðar fyrir.
- Kynna niðurstöður úr hlýtt á nemendur á kennarafundi og meðal nemenda.
- Vinnsla gæðaskjala.

Maí

- Úrvinnsla áfangakannana.
- Niðurstöður áfangakannana kynntar kennurum og fagstjórum og teknar fyrir á deildarfundum.
- Vinnsla gæðaskjala.

Maí/júní

- Vinna að umbótaáætlun og gera drög að starfsáætlun næsta vetrar.
- Skrifa skýrslu.
- Vinnsla gæðaskjala.

Veturinn 2019-2020

Haustönn

- Áfangamat

Vorönn

- Áfangamat
- Hlýtt á starfsfólk
- Kynning á gæðahandbók fyrir starfsfólk

Veturinn 2019-2020

Haustönn

- Áfangamat
- Vinna við gæðahandbók
- Umbótatillögur vegna ytra mats (unnið að þeim)

Vorönn

- Áfangamat
- Foreldrakönnun
- Hlýtt á nemendur

Veturinn 2020-2021

Haustönn

- Áfangamat

Vorönn

- Áfangamat
- Hlýtt á starfsfólk
- Kynning á gæðahandbók fyrir starfsfólk

Veturinn 2021-2022

Haustönn

- Áfangamat
- Hlýtt á nemendur

Vorönn

- Áfangamat


Fylgiskjöl

Niðurstöður áfangamats veturinn 2018-2019

Helstu niðurstöður haust 2018


Áfanginn er vel skipulagður

1. Mjög sammála	32% (560/1750)
2. Sammála	41% (712/1750)
3. Hvorki né	15% (255/1750)
4. Ósammála	9% (152/1750)
5. Mjög ósammála	4% (71/1750)




Hversu mikillar eða lítillar virkni finnst þér krafist af þér í kennslustundum í áfanganum?

1. Mikillar	22% (387/1746)
2. Hæfilegrar	70% (1230/1746)
3. Lítillar	7% (129/1746)




Mér finnst áhersla á hópavinnu í áfanganum vera

1. Of mikil	10% (181/1726)
2. Hæfileg	84% (1449/1726)
3. Of lítil	6% (96/1726)




Mér finnst áhersla á einstaklingsvinnu í áfanganum vera

1. Of mikil	3% (58/1716)
2. Hæfileg	89% (1525/1716)
3. Of lítil	8% (133/1716)




Mér finnst fjöldi prófa og verkefna í áfanganum vera

1. Of mikill 5% (210/1733)
2. Hæfilegur 83% (1444/1733)
3. Of lítill 12% (79/1733)




Mér finnst álagið í áfanganum vera

1. Of mikið 7% (114/1748)
2. Mikið 21% (367/1748)
3. Hæfilegt 66% (1151/1748)
4. Lítið 6% (105/1748)
5. Of lítið 1% (11/1748)



Námsgögn (bækur, vefsíður, verkefnahefti o.fl.) í áfanganum eru

1. Mjög góð 13% (247/1731)
2. Góð 36% (630/1731)
3. Hvorki né 38% (666/1731)
4. Léleg 8% (131/1731)
5. Mjög léleg 3% (57/1731)



Viltu nefna eitthvað jákvætt um áfangann eða eitthvað sem vel er gert?

Fjöldi svara: 807 af 1791

Svarhlutfall: 45%


Viltu nefna eitthvað sem betur mætti fara í áfanganum?

Fjöldi svara: 700 af 1791

Svarhlutfall: 39%


Hvernig tekst kennaranum að taka á ókyrrð í kennslustundum?

1. Vel 66% (1292/1966)
2. Sæmilega 28% (555/1966)
3. Illa 6% (119/1966)




Kennarinn vekur áhuga minn á námsefninu

1. Mjög sammála 33% (658/1997)
2. Sammála 33% (659/1997)
3. Hvorki né 21% (412/1997)
4. Ósammála 8% (150/1997)
5. Mjög ósammála 6% (118/1997)




Mér finnst auðvelt að biðja um aðstoð hjá kennaranum

1. Mjög sammála 48% (953/2002)
2. Sammála 32% (633/2002)
3. Hvorki né 15% (303/2002)
4. Ósammála 4% (77/2002)
5. Mjög ósammála 2% (36/2002)



Kennari útskýrir námsefnið vel


1. Mjög sammála 42% (832/1976)
2. Sammála 36% (711/1976)
3. Hvorki né 15% (290/1976)
4. Ósammála 5% (94/1976)
5. Mjög ósammála 2% (49/1976)



Helstu niðurstöður vor 2019


Áfanginn er vel skipulagður

1. Mjög sammála	29% (484/1663)
2. Sammála	42% (703/1663)
3. Hvorki né	18% (293/1663)
4. Ósammála	7% (124/1663)
5. Mjög ósammála	4% (59/1663)




Hversu mikillar eða lítillar virkni finnst þér krafist af þér í kennslustundum í áfanganum?

1. Mikillar	23% (378/1656)
2. Hæfilegrar	67% (1117/1656)
3. Lítillar	10% (161/1656)




Mér finnst áhersla á hópavinnu í áfanganum vera

1. Of mikil	6% (93/1653)
2. Hæfileg	86% (1416/1653)
3. Of lítil	9% (144/1653)




Mér finnst áhersla á einstaklingsvinnu í áfanganum vera

1. Of mikil	5% (76/1653)
2. Hæfileg	91% (1509/1653)
3. Of lítil	4% (68/1653)




Mér finnst fjöldi prófa og verkefna í áfanganum vera

1. Of mikill 13% (209/1661)
2. Hæfilegur 85% (1408/1661)
3. Of lítill 3% (44/1661)




Mér finnst álagið í áfanganum vera

1. Of mikið 8% (127/1658)
2. Mikið 21% (344/1658)
3. Hæfilegt 61% (1014/1658)
4. Lítið 9% (153/1658)
5. Of lítið 1% (20/1658)



Námsgögn (bækur, vefsíður, verkefnahefti o.fl.) í áfanganum eru

1. Mjög góð 11% (187/1649)
2. Góð 35% (569/1649)
3. Hvorki né 42% (689/1649)
4. Léleg 8% (139/1649)
5. Mjög léleg 4% (65/1649)



Viltu nefna eitthvað jákvætt um áfangann eða eitthvað sem vel er gert?

Fjöldi svara: 541 af 1691

Svarhlutfall: 32%


Viltu nefna eitthvað sem betur mætti fara í áfanganum?

Fjöldi svara: 483 af 1691

Svarhlutfall: 29%


Hvernig tekst kennaranum að taka á ókyrrð í kennslustundum?

- | | | |
|-------------|-----|-------------|
| 1. Vel | 59% | (1292/1966) |
| 2. Sæmilega | 34% | (555/1966) |
| 3. Illa | 7% | (119/1966) |




Kennarinn vekur áhuga minn á námsefninu

- | | | |
|------------------|-----|------------|
| 1. Mjög sammála | 28% | (515/1853) |
| 2. Sammála | 33% | (608/1853) |
| 3. Hvorki né | 23% | (425/1853) |
| 4. Ósammála | 10% | (178/1853) |
| 5. Mjög ósammála | 7% | (127/1853) |




Mér finnst auðvelt að biðja um aðstoð hjá kennaranum

- | | | |
|------------------|-----|------------|
| 1. Mjög sammála | 41% | (771/1859) |
| 2. Sammála | 34% | (639/1859) |
| 3. Hvorki né | 16% | (294/1859) |
| 4. Ósammála | 6% | (104/1859) |
| 5. Mjög ósammála | 3% | (51/1859) |



Kennari útskýrir námsefnið vel

- | | | |
|------------------|-----|------------|
| 1. Mjög sammála | 39% | (720/1855) |
| 2. Sammála | 37% | (688/1855) |
| 3. Hvorki né | 15% | (275/1855) |
| 4. Ósammála | 6% | (110/1855) |
| 5. Mjög ósammála | 3% | (62/1855) |



Samantektir frá vinnufundum kennara 26.03.2019

Ekki birt á vef.

Niðurstöður Mörsugsmessu

Ekki birt á vef.